



ÖXARFJARÐARSKÓLI

Kennsluáætlun 2026-2027

5.-7. bekkur

Námsgrein: Enska

Kennari: Cornelia Spandau

Tímafjöldi á viku: 2 klst.

Markmið

Hlustun og áhorf

Að nemandi

- geti skilið talað mál og frásagnir um efni tengt námi hans og daglegu lífi, brugðist við þeim og nýtt sér í námi sínu.
- geti hlustað eftir aðalatriðum, greint þau og nýtt sér í námi sínu.
- geti fylgt þræði í efni við hæfi á margvíslegum miðlum og nýtt í námi sínu.

Lestur og lesskilningur

Að nemandi

- geti fundið lykilupplýsingar í texta og nýtt sér í verkefnavinnu.
- geti lesið sér til gagns og ánægju einfaldar smásögur og skáldsögur og unnið með efni þeirra.
- geti skilið megininntak rauntexa og unnið úr efni þeirra.

Samskipti

Að nemandi

- geti tekið þátt í óformlegu samtali um áhugamál sín og daglegt líf.
- geti notað málið til samskipta í kennslustundum og undirbúið, tekið og veitt viðtal.

Frásögn og framsögn

Að nemandi

- geti tjáð sig um reynslu sína og skoðanir og brugðist við einföldum spurningum.
- geti flutt tilbúið eða frumsamið efni, einn eða í félagi við aðra.
- geti beitt málinu með nokkuð eðlilegum framburði og áherslum.

Ritun

Að nemandi

- geti beitt grunnreglum málfræði og stafsetningar nokkuð rétt og skapað samhengi í texta.
- geti skrifað texta af mismunandi gerðum með inntak og lesanda í huga.
- geti samið einfalda texta þar sem ímyndunaraflíð fær að njóta sín.

Menningarlæsi

Að nemandi

- geti sýnt að hann þekkir til ýmissa þátta sem einkenna menningu og daglegt líf á viðkomandi málsvæði.
- geti sett sig í spor fólks á viðkomandi málsvæði og gert sér grein fyrir hvað er líkt eða ólíkt með hans eigin aðstæðum.

Lykilhæfni

Að nemandi

- geti tjáð hugsanir sínar og skoðanir og miðlað verkefnum og upplýsingum á fjölbreyttan hátt.
- geti sýnt frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum og unnið með öðrum á uppbyggilegan hátt.
- geti hlustað á aðra, tekið þátt í umræðum og tekið tillit til ólíkra sjónarmiða.
- geti nýtt fjölbreyttar upplýsingar og miðla, metið áreiðanleika upplýsinga og sýnt ábyrgð við upplýsingaöflun og miðlun.

- geti nýtt sér leiðsögn og endurgjöf til að ná námsmarkmiðum.
- geti metið eigið nám og vinnubrögð og sett sér raunhæf markmið.

Kennsluaðferðir/vinnulag:

- Bein kennsla
- Einstaklings- og hópavinna með skapandi viðfangsefni
- Umræður og spurningar
- Fjölbreytt stafræn verkfæri og vinnuaðferðir til sjálfstæðrar vinnu, samvinnu, miðlunar og kynningar.
- Leiðsagnarnám og lausnaleitarnám
- Spil og leikir
- Hlutverkaleikir
- Stigbreyttar kröfur í öllum verkefnum

Námsmat:

- Lagt verður mat á verkefni og kannanir, vinnuframlag, samvinnu og samskipti nemenda og virkni í kennslustundum.
- Könnun mánaðarlega (um orðaforða og málfræði)
- Leiðsagnarmat
- Símat
- Sjálfsmat og jafningjamat

Námsgögn:

- Efni frá kennara
- Munnlegar æfingar og hlustunaræfingar
- Bækur við hæfi á ensku: t.d. “The adventures of Huckleberry Finn”, “Charlotte and the chocolate factory”, “Matilda”, “Robert’s computer mystery” o.fl.
- Æfingar og efni frá ýmsum vefsíðum
- Fjöl- og myndmiðlar
- Námsspil